

**Samþykkt um kattahald
og gæludýr önnur en ketti og hunda**

í Breiðdalshreppi

Samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps 30. nóvember 2011

Samþykkt um kattahald og gæludýr önnur en ketti og hunda

Stjórnsýsla	3
1.....	3
2. <i>Dýraeftirlitsmenn</i>	3
3. <i>Þéttbýli - dreifbýli</i>	3
4. <i>Dýravernd</i>	3
Kattahald.....	3
5. <i>Skráningarskylda</i>	3
6. <i>Gögn sem þarf að framvísa við skráningu</i>	4
7. <i>Takmarkanir á kattahaldi - húsnæði</i>	4
Skyldur aðila.....	4
8. <i>Skyldur sveitarfélaga</i>	4
9. <i>Skyldur eftirlitsaðila</i>	5
10. <i>Skyldur kattaeigenda</i>	5
11. <i>Föngun katta</i>	6
12. <i>Aðgerðir gegn villiköttum</i>	6
Viðurlög.....	6
13. <i>Brot á samþykkt vegna kattahalds</i>	6
Gjaldtaka.....	7
14. <i>Skráningargjald</i>	7
15. <i>Handsömunargjald</i>	7
16. <i>Forsendur upphæða</i>	7
Önnur gæludýr	7
17.....	7
Valdsvið og þvingunarúrræði.....	7
18.....	7
Gildistaka	7
19.....	7

Samþykkt um kattahald og gæludýr önnur en ketti og hunda

Stjórnsýsla

1.

Kattahald er takmarkað í Breiðdalshreppi, með skilyrðum samkvæmt samþykkt þessari.

2. *Dýraeftirlitsmenn*

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps annast framkvæmd samþykktar þessarar og geta ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélaganna hlutverk dýraeftirlitsmanna. Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar lögregluvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef köttur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili kattarins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja kött.

Að öðru leyti starfar dýraeftirlitsmenn undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf

3. *Þéttbýli - dreifbýli*

Með þéttbýli er átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra (sbr. skipulags- og byggingarlög 1997 nr. 73/1997) nema ef sveitarfélag hefur skilgreint þéttbýli nánar í sínu aðalskipulagi.

4. *Dýravernd og ræktun*

Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun með mál er varða dýravernd.

Um ræktun og sölu gæludýra gilda ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni og þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir slíkri starfsemi.

Kattahald

5. *Skráningarskylda*

Allir kettir í þéttbýli eru skráningarskyldir.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur sveitarstjórn, telji hún og héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli.

Skylt er að sækja um skráningu kattar í þéttbýli til viðkomandi sveitarstjórnar áður en köttur er tekinn á heimili og eigi síðar en tveim vikum seinna. Fyrir kettlinga skal sækja um leyfi eigi síðar en þegar þeir ná 3ja mánaða aldri.

Ketti skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og á það heimilisfang þar sem kötturinn er haldinn. Framsal leyfis er óheimilt. Ekki er heimilt að skrá fleiri en tvo ketti á hvert heimili.

Við skráningu kattar getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra eftirlitsumdæma telji það ástæðu til.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla skráningu einstakra katta eða allar skráningar telji hún það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggismarkmiða.

6. Gögn sem þarf að framvísa við skráningu

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu kattar:

- Undirrituð umsókn (umsóknareyðublöð fást á sveitarstjórnarskrifstofum).
- Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni kattarins
- Mynd af kettinum
- Vottorð frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu samanber 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.
- Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun kattarins, samanber 58. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002.
- Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að kötturinn sé tryggður gagnvart skaða sem hann kann að valda á munum, gróðri, öðrum gæludýrum og mönnum. Lágmarks tryggingarupphæð skal vera kr. 10.000.000,- (tíu miljónir).
- Samþykki allra meðeigenda fjöleignahúss sbr. gr. 7.

Óheimilt er að gefa út skráningarskírteini nema ofangreind gögn liggi fyrir:

Skráðum eiganda kattar ber að tilkynna skriflega innan mánaðar aðsetursskipti eða fráfall dýrs.

Sveitarstjórn er heimilt að hafna beiðni um skráningu kattar ef umsækjandi og/eða dýrið hafa áður og/eða ítrekað gerst brotleg við samþykki um kattahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Dýraeigandi á rétt á skriflegum rökstuðningi ef ósk um skráningu hunds er hafnað, einnig gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um andmælarétt.

7. Takmarkanir á kattahaldi - húsnæði

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Til að halda kött í fjöleignarhúsi þarf samþykki allra eigenda. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Óheimilt er þó að halda ketti í fjöleignarhúsum ef kattahaldið sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum.

Sveitarfélögum er heimilt að banna kattahald í húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Skyldur aðila

8. Skyldur sveitarfélaga

- 8.1. Sveitarfélagi ber að afhenda forsvarsmanni ábyrgðarskýrteini eða staðfestingu á að köttur hafi verið skráður til heimilis í viðkomandi sveitarfélagi.
- 8.2. Sveitarfélög skulu tryggja viðurkennda dýrageymslu sem hefur leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar skv. hollustuháttareglugerð nr. 941/2004 m.sbr. til vörslu katta sem fangaðir eru í samræmi við samþykkt þessa.
- 8.3. Sveitarfélögum ber að afhenda dýraeftirlitsmönnum og heilbrigðiseftirliti lista yfir dýr sem eru á skrá.

9. Skyldur eftirlitsaðila

- 9.1. Dýraeftirlitsmenn skulu halda saman og uppfæra skrá yfir ketti í viðkomandi sveitarfélagi. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli þ.m.t. hvenær kettirnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af dýrinu.
- 9.2. Heilbrigðisfulltrúar, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélaga skulu tilkynna dýraeftirlitsmanni um kvartanir og/eða afskipti sem þessir aðilar hafa vegna katta.
- 9.3. Dýraeftirlitsmenn vinna í ábyrgð heilbrigðisnefndar og skv. verklagsreglum sem Heilbrigðisnefnd samþykkir.

10. Skyldur kattaeigenda

- 10.1. Kattaeigendum ber að sjá til þess að kettir þeirra sæti ekki illri meðferð. Umhirða katta skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni m.a. eftirfarandi: Ekki skal skilja kött eftir einan og eftirlitslausan lengur en nauðsynlegt er og að hámarki í einn sólarhring. Ekki skal tjóðra ketti nema í undantekningartilvikum og þá einungis í skamma stund í senn og undir stöðugu eftirliti. Óheimilt er að halda ketti í lokuðu, gluggalausum rými.
- 10.2. Kattaeigendum er skylt að færa ketti sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og að afhenda sveitarfélaginu staðfestingu á að ormahreinsun hafi farið fram.
- 10.3. Kattaeigendum er skylt að hafa ketti sína tryggða gegn tjóni sem þeir kunna að valda og þeir skulu árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingarfélagi um greiðslu tryggingargjaldsins.
- 10.4. Kattaeigendum ber árlega að greiða skráningargjald fyrir ketti sína skv. gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags.
- 10.5. Auk örmerkis skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.
- 10.6. Kattaeigendum ber að sjá til þess að högnar séu geldir og að læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á pillunni.
- 10.7. Eiganda kattar ber, eftir því sem framast er unnt, að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði né óhollustu. Kattaeigendum ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á lóð sinni.
- 10.8. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.
- 10.9. Kattaeigendum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, eftir því sem tók eru á, t.d. með því að hengja bjöllur á hálsólar katta og halda þeim ávallt innandyra á nóttunni.
- 10.10. Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 né heldur húsnæði þar sem matvæli eru meðhöndluð. Slíkir staðir eru m.a.:

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.
Skólar.
Lækna- og tannlæknastofur.
Sjúkrahús og aðgerðarstofur.
Vistarverur handtekinna manna.
Heilsuræktarstöðvar.
Íþróttastöðvar og íþróttahús.
Gæsluvellir.

Snyrtistofur.
Nuddstofur og sjúkráþjálfun.
Sólbaðsstofur.
Húðflúrstofur.
Samkomuhús, s.s. kirkjur, leikhús, hljómléikasalir, söfn og kvikmyndahús.
Gististaðir.
Veitingastaðir.
Sumarbúðir fyrir börn.

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994 m.sbr.

11. Föngun katta

Sveitarstjórn er heimilt að láta veiða ketti í búr í eftirfarandi tilfellum:

1. Ef köttur er ómerktur
2. Ef ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði
3. Ef köttur finnst innandyra hjá nágretta í leyfisleysi, á öðrum óheimilum stað eða án tilskilins samþykkis í fjöleignarhúsi

Kettir, sem fangaðir eru skv. 1. tl. og kettir sem haldnir eru í fjöleignarhúsum, án samþykkis meðeigenda/íbúa, sbr. 1. tl. 4. gr., skulu færðir í dýrageymslu skv. gr. 8.2. Öðrum köttum skal sleppa lausum, en eigendum eða umráðamönnum tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar.

Komi ítrekað til handsömunar á ketti vegna ónæðis telst það vera brot á samþykkt þessari. Köttur, sem hefur verið handsamaður ítrekað, skal færður í dýrageymslu.

Tilkynna skal eigendum ef merktir kettir eru teknir úr umferð.

- Eigandi kattarins fær köttinn afhentan gegn greiðslu handsömunar-, fóður- og vistunargjald skv. gjaldskrá um kattahald í sveitarfélaginu.
- Ef eigandi vitjar ekki kattarins innan viku, er heimilt að finna kettinum annað heimili, selja hann upp í áfallinn kostnað eða farga kettinum án frekari fyrirvara.
- Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu, fóðrun og aflífun, ef til hennar kemur

Ef kettir eru ekki merktir og ef ekki er unnt að bera kennsl á þá skal auglýsa eftir eiganda. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga viðkomandi ketti án frekari fyrirvara. Eigandi sem gefur sig fram skal því aðeins fá köttinn afhentan að hann láti skrá köttinn og uppfylli öll skilyrði reglugerðar þessarar. Eigandinn skal inna af hendi greiðslu til sveitarfélagsins og fá afhenta beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu og hreinsun kattarins.

12. Aðgerðir gegn villiköttum

Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa m.a.m.k. viku fyrirvara og með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innan dyra.

Viðurlög

13. Brot á samþykkt vegna kattahalds

Vegna brota á samþykkt þessari vísast til VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað vegna sama dýrs eða sama dýraeiganda afturkallast viðkomandi skráning.

Kattaeiganda er skylt að greiða allan kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

Gjaldtaka.

14. Skráningargjald

Sveitarstjórnnum á Austurlandi er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag setur á grunni 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.sbr. og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi. Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu kattar og síðan árlega fyrirfram.

15. Handsömunargjald

Í gjaldskránni skal kveðið á um handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar katta sem teknir eru í vörslu á vegum sveitarfélaga vegna brota á samþykkt þessari.

16. Forsendur upphæða

Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar.

Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda

Önnur gæludýr

17.

Eiganda og umráðamanni gæludýra annarra en hunda og katta er skylt að koma í veg fyrir að dýrin sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið.

Eigendum gæludýra sem haldin eru utandyra, t.d. kanínur eða nagdýr, skulu sjá til þess að þau valdi ekki nágrönnum ama svo sem með hávaða eða óhreinindum.

Tryggja skal að dýr geti ekki nagað sig út úr búri eða aðhaldi.

Valdsvið og þvingunarúrræði

18.

Vegna brota á samþykkt þessari vísast til VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gildistaka

19.

Samþykkt þessi sem er samin af Heilbrigðiseftirliti Austurlands og samþykkt í sveitarstjórn Breiðdalshrepps þann 30. nóvember 2009 staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að

öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um kattahald í Breiðdalshreppi.

Ákvæði til bráðabirgða

Leyfi til kattahalds á eftirlitssvæðinu, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, verður breytt í skráningu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi. Kettir í þéttbýli, sem ekki eru á skrá viðkomandi sveitarfélags skulu færð til skráningar fyrir 31.12. 2009